

Haven Rescue Home

Haven Rescue Home (HRH) er heimili fyrir stúlkur, 18 ára og yngri, sem eru barnshafandi og mæður ungra barna.

Í Kenía ríkir mikil fátækt og eitt af þeim mörgu vandamálum sem fylgir fátækt er að ungar stúlkur verða barnshafandi og ljúka ekki skólagöngu. Ríkjandi hugarfar í samfélaginu er að þegar þú ert orðin móðir sé skólagöngunni lokið, mæður eigi að taka ábyrgð á barni og sjá fyrir fjölskyldu sinni. Þær stúlkur sem kjósa að halda áfram að mennta sig hafa hingað til einungis haft þann möguleika að gefa barn sitt frá sér. Mörg heimili taka við ungabörnum sem fjölskyldur gefa frá sér, en aðeins örfá heimili eru starfrækt sem aðstoða bæði móður og barn.

Markmið HRH

Markmið HRH er að gefa þessum stúlkum tækifæri til betra lífs. Á meðan þær klára skólagönguna er þeim boðið að búa með barnið sitt inni á heimilinu og fá nauðsynlega aðstoð til að geta sinnt bæði skóla og barni. Með því að klára skólagöngu eiga þær svo möguleika á að fá góða vinnu og geta flutt út í þjóðfélagið aftur sem sterkari einstaklingar.

Með þessu móti er vítahringur fátæktar brotinn, en flestar þessara stúlkna koma frá fjölskyldum sem hafa alla tíð búið við fátækt. Þessi lausn er mun sjálfbærari en heimili fyrir munaðarlaus börn og veitir mæðrum og börnum það einstaka tækifæri að fóta sig saman í lífinu.

HRH leitast við að sú vinna sem fram fer á heimilinu sé fagleg og geri skjólstæðingana sterka til að geta framfleytt sér og börnum sínum. Á heimilinu vinnur menntaður félagsráðgjafi, sálfræðingur í hlutastarfi, leikskólakennari ásamt öðrum starfsmönnum sem hafa unnið lengi á heimilinu og fengið þjálfun.

Rekstur heimilisins

HRH var stofnað í maí 2017 af Önnu Þóru Baldursdóttur. Anna Þóra er 34 ára og hefur búið í Kenía síðan í júlí 2015 þar sem hún byrjaði á rannsóknarvinnu og undirbúningi fyrir heimilið. Frá árinu 2017 hefur heimilið hýst 75 einstaklinga, ýmist í lengri eða skemmri tíma. Af þeim búa 23 á heimilinu í dag. Auk þess styrktir heimilið 7 ungar stelpur til náms á mismunandi stigum.

Stúlkurnar (ungu mæðurnar) og börn sem fá vist á HRH koma öll í gegnum barnaverndarfulltrúa Kiambu umdæmisins. Þörf fyrir það úrræði sem HRH býður uppá hefur aukist gríðarlega síðan að Covid-19 faraldurinn skall á. Enda eitt fárra heimila sem býður upp á þetta úrræði. Ungum barnshafandi stúlkum hefur fjölgað gríðarlega og á sama tíma hefur fátækt fjölskyldna aukist. Vandí ungra mæðra eykst með degi hverjum og tækifæri til sæmilegs lífs fer þverrandi.

Fjáröflun

Hingað til hefur heimilið verið rekið með styrkjum frá velunnurum á Íslandi. Með stækkandi heimili hefur reksturinn orðið erfiðari. Við leitum því leiða til þess að stuðla að sjálfbærni heimilisins og erum að leggja lokahendur á kaup á landi. Með þeim

kaupum gefur það okkur tækifæri til þess að auka tekjur heimilisins. Tekjuaukning gæti líka orðið til þess að okkur verði kleift að taka á móti fleiri ungum mæðrum.

Haldnar eru fjáraflanir nokkrum sinnum á ári, svo sem bingó, happdrætti, sala á ýmsum varningi til að mæta ófyrirsjáalegum útgjöldum. Sumar fjáraflanir eru svo eyrnamerktaðar ákveðinni framkvæmd, eins og til dæmis kaup á kjúklingum og aðstöðu til þess að hefja kjúklingaræktun.

Kjúklingaræktun og áætlunargerð

Markmið kjúklingaræktunar

Markmið með ræktun á kjúklingum er að afla tekna fyrir HRH, með því að félagið afli tekna sjálfstýrð styrkir það stöðir félagsins til muna. Eins og er reiðir félagið sig eingöngu á styrki frá velgjörðarmönnum þess. Nú þegar er hafin kjúklingarækt á 450 kjúklingum á landi heimilisins (í bakgarði þess). Sú framkvæmd var gerð fyrir fé sem safnaðist nóvember 2019.

Stefnan er tekin á 1200 kjúklinga kjúklingabú og reynt verður að safna fé til enn frekari stækkunar í viðbót við þessa 200 sem þegar eru komnir í ræktunarferli. Gert er ráð fyrir helmings stækkun eftir tvö ár og eftir 3 ár væri 1200 kjúklingabúa markmiðinu náð.

Ræktunarferlið er þannig að kjúklingar eru keyptir af birgja og er meðalverð þeirra 95 krónur. Ræktun kjúklinga er sex vikur, að þeim tíma loknum eru þeir seldir til deyfingaraðilla meðalverð er um 500 krónur. Þá tekur við hreinsun á svæðinu sem tekur um þrjú daga og svæðið undirbúið fyrir næstu lotu. Samkvæmt því eru að hámarki átta ræktunarlotur yfir árið. Í áætlun er gert ráð fyrir því að þær verði sex. Því í tilfellum getur hver þáttur í framleiðslu dregist nokkuð.

Launakostnaður er áætlaður að það þurfi eitt starfsmann fyrir hverja 600 fugla, nú þegar hafa starfsmenn heimilisins sinnt þeirri ræktun sem nú er, en við fjölgun þarf að bæta við stöðugildi sem eingöngu sinnir rekstri búsinns. Meðallaun verkamanns í Kenía er 11.500 kr. á mánuði eða 10.000 Kenýan shillings. Í lok áætlunar er því gert ráð fyrir launakostnaði tveggja starfsmanna.

Í áætlun er ekki gert ráð fyrir hækkun á rekstrarkostnaði, hækkun á hráefnisverði né afurðarverði. En eins og venjan er haldast þessir hlutir venjulega að í landinu og því er raunhæft að setja áætlun upp á þennan hátt.

Lokaorð / niðurlag

Þó mæðrum og börnum fjölgi eitthvað á heimilinu munu rekstrargjöld ekki hækka mikið. Grunnþjónustan er til staðar, svo sem húsnæði og launakostnaður sem er dýrasti liður rekstursins. Í dag er rekstrarkostnaður heimilisins um 400.000kr. á mánuði.

Styrkveitingin leiðir til þess að hægt verði að taka á móti fleiri mæðrum og börnum þeirra sem eru í bráðum vanda og veita þeim tækifæri til að lifa sómasamlegu lífi.